

## Breytingartillögur

við frv. til l. um úrvinnslugjald.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (MS, ÁMöl, ÍGP, KolH, KPál).

1. Við 4. gr. 2. másl. 1. mgr. orðist svo: Vörflokkum skal skipt í uppgjörsflokka með reglugerð sem ráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks.
2. Við 5. gr. síðari málsliðar 2. mgr. orðist svo: Gjaldskylda fellur niður frá og með upphafi fyrsta gjaldtímabils eftir að full 15 ár eru liðin frá skráningu ökutækis hér á landi.
3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Greiða skal skilagjald, 10.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskylt ökutæki til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.
4. Við 9. gr.
  - a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Öllum sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til endursölu.
  - b. Í stað orðsins „vörugjaldsskyld“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: úrvinnslugjaldsskyld.
  - c. Á eftir 1. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðist svo: Skráning hjá skattstjóra er forsenda fyrir greiðslufresti, sbr. 1. og 3. mgr. 11. gr.
5. Við 11. gr.
  - a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Innlendum framleiðendum sem keypt hafa aðföng til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim úrvinnslugjald er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins.
  - b. Á eftir orðunum „vegna innfluttrar vöru fer“ í 7. mgr. komi: að öðru leyti.
6. Við 12. gr.
  - a. Orðin „1. og“ í 1. másl. 1. mgr. falli brott.
  - b. Á eftir orðunum „gjaldskyldur aðili“ í 1. másl. 2. mgr. komi: sbr. 1. mgr. 9. gr.
7. Við 13. gr. 3. másl. 1. mgr. falli brott.
8. Við 22. gr.
  - a. Í stað orðanna „1. janúar 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I“ í 1. másl. 2. mgr. komi: 1. júlí 2004 vegna vöru sem fellur undir viðauka I.
  - b. Í stað orðsins „Endurgreiðsla“ í 2. másl. 2. mgr. komi: Greiðsla.
9. Við ákvæði til bráðabirgða III. Ákvæðið orðist svo:  
Leggja skal úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir, veiðarfæri úr gerviefnum og heyrúlluplast frá 1. janúar 2004.
10. Við viðauka II.
  - a. Í stað „0403.9022 – – – Önnur“ komi: 0403.9029 – – – Önnur.

b. Liðurinn „Úr 4811“ ásamt undirliðum orðist svo:

**Úr 4811 Pappír, pappi, sellulósavatt og vefir úr sellulósatrefjum, húðað, gegndreypt, hjúpað, yfirborðslitað, yfirborðsskreytt eða áprentað, í rúllum eða rétthyrndum (einnig ferningslaga) örkum, af hvaða stærð sem er, þó ekki vörur þeirrar gerðar sem lýst er í nr. 4803, 4809 eða 4810:**

– Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður plasti (þó ekki lími):

– – Bleiktur, meira en 150 g/m<sup>2</sup> að þyngd:

4811.5101	– – –	Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.5109	– – –	Annars	22,23 kr./kg
4811.5900	– –	Annar	22,23 kr./kg
	– –	Annar:	
4811.5901	– – –	Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.5909	– – –	Annars	22,23 kr./kg
	–	Pappír og pappi, húðaður, gegndreyptur eða hjúpaður vaxi, parafínvaxi, steríni, olíu eða glýseróli:	
4811.6001	– –	Áprentaður til nota sem samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4811.6009	– –	Annars	22,23 kr./kg

c. Liðurinn „Úr 4819“ ásamt undirliðum orðist svo:

**Úr 4819 Öskjur, box, kassar, pokar og önnur ílát til umbúða, úr pappír, pappa, sellulósavatti eða vef úr sellulósatrefjum; spjaldskrárkassar, bréfabakkar og áþekkar vörur, úr pappír eða pappa, sem eru notaðar á skrifstofum, í verslunum o.þ.h.:**

– Felliöskjur, fellibox og fellikassar, ekki úr bylgjupappír eða bylgjupappa:

– – Með viðeigandi áletrun til útflutnings:

4819.2011	– – –	Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4819.2019	– – –	Annars	22,23 kr./kg
	– –	Annað:	
4819.2091	– – –	Samsettar pappaumbúðir fyrir drykkjarvörur	22,23 kr./kg
4819.2099	– – –	Annars	22,23 kr./kg

11. Við viðauka IV. Í stað númersins „2710.0049“ komi: 2710.1149.

12. Við viðauka X.

a. Í stað „8506.8009 – Hlutar“ komi: 8506.9000 – Hlutar.

b. Í stað „8507.9000 – Hlutar“ komi: 8507.9009 – – Aðrir.

13. Við viðauka XI.

a. Á eftir undirlið 8430.1000 komi nýr undirliður, svohljóðandi:

8430.2000 – Snjóplógar og snjóblásarar . . . . . 1.672,00 kr./stk.

b. Í stað „8507.9000 – Hlutar“ komi: 8507.9001 – – Til blýsýrurafgeyma.